

TÓNLISTARSKÓLI EYJAFJARÐAR

SÍMENNTUNARÁÆTLUN

Megináherslur Tónlistarskóla Eyjafjarðar

Símenntun er heildarheiti yfir alla þá menntun sem einstaklingar sækja alla ævina.

- Skólinn hvetur starfsfólk til stöðugar þekkingarleitar í starfi sínu.
- Skólinn leitast við að bjóða upp á metnaðarfullt starfsumhverfi.
- Skólinn styður starfsmenn í uppbyggjandi starfsþroskaferli sínu sé það skólanum einnig til framdráttar.
- Skólinn leggur metnað í að skipuleggja og bjóða upp á fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar.

Í Tónlistarskóla Eyjafjarðar hvílir kennsla á faglegum grunni. Þar er því lögð áhersla á að kennarar og skólastjórnendur stundi sí- og endurmenntun til þess að efla starfshæfni sína og viðhalda henni með hliðsjón af veikleikum, styrkleikum og áherslum Tónlistarskóla Eyjafjarðar. Það er stefna Tónlistarskóla Eyjafjarðar að hafa á að skipa færu og öflugu starfsfólki sem saman skapar sterka liðsheild, að starfsfólk sé ánægt í störfum sínum og líði vel. Lögð er áhersla á að styrkja og efla starfsmenn með virkri sí-og endurmenntunaráætlun sem allir starfsmenn hafa tök á að taka þátt í, einnig eru starfsmenn hvattir til að sækja sér þekkingu á eigin vegum sem styrkir þá í starfi. Skólasamfélagið gerir sér far um að gera kennurum og starfsfólki kleift að þroska og þróa starfssvið sitt eins og hægt er og að nýta sér alla þá góðu kosti sem í boði eru til símenntunar.

Símenntunaráætlun tekur mið af stefnu og hugmyndafræði skólans, starfsáætlun, þróunarstarfi og óskum starfsfólks en forgangsörðun lýtur ákvörðunum skólastjóra.

Símenntunaráætlun er gerð fyrir hvert skólaár.

Um símenntun kennara

Úr Kjarasamningi tónlistarkennara

1.3.4 Hver tónlistarskóli skal setja sér í skólanámskrá áætlun um endur- og símenntun tónlistarskólakennara. Námskeið skulu tengjast störfum tónlistarskólakennarans og nýtast honum í starfi.

Tónlistarskólakennarar bera ábyrgð á að viðhalda þekkingu sinni og færni með þátttöku á ráðstefnum, símenntun og starfsþróunarnámskeiðum, viðurkenndu framhaldsnámi og með eigin starfsþróunaráætlun. Það er jafnt á ábyrgð starfsfólks og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem er nauðsynleg í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Að frumkvæði skólastjóra mótar skólinn áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár og ákvæðum kjarasamnings um allt að 150 klukkustundir utan starfstíma skóla. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. símenntunaráætlun skóla, enda séu þau á vinnutíma og starfsfólki að kostnaðarlausu. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda endurmenntun. Lögð er áhersla á að tengja saman formlega og óformlega fræðslu.

Gert er ráð fyrir að sí- og endurmenntunaráætlunin sé í stöðugri endurskoðun og taki breytingum eftir aðstæðum, tækifærum og þeim verkefnum sem áhersla er lögð á hverju sinni. Skólastjóri heldur utan um og skjalfestir framkvæmd símenntunaráætlunar ásamt því að kynna valkosti og stuðning við símenntun fyrir starfsfólki á undirbúningsdögum í upphafi skólaárs. Lögð er áhersla á að starfsfólk nýti sér vel þá styrki sem þeir hafa rétt á að sækja í hjá starfsmenntunarsjóði Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Félags íslenskra hljómlistarmanna.

Kennarar bera sjálfir ábyrgð á því að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í símenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu, sem nýtist í starfi.

Endur- og símenntun starfsfólks telst öll formleg fræðsla eins og nám, námskeið, fræðsluerindi, fræðslufundir og skipulagðar símenntunarferðir. Einnig getur ýmis óformleg fræðsla, svo sem sjálfsnám og listræn verkefni, talist til símenntunar verði hún augljóslega til þess að efla starfshæfni kennara.

Starfsþróun kennara skiptist í tvo meginþætti:


Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Hvað er símenntun?

Símenntun starfsfólks Tónlistarskóla Eyjafjarðar er t.d.:

- Námskeið og þjálfun á vegum annarra aðila.
- Viðurkenndar ráðstefnur, kynnisferðir og málþing/svæðisþing.
- Stuttar kynningar, t.d hluti funda sem ætlaður er í fræðslu fyrir starfsmenn.
- Sjálfsnám s.s. lestur fræðilegs efnis og lestur fræðiritra.
- Kennsla í hópi starfsmanna eða annarra.
- Skipulagðar hópferðir í símenntunarskyni.
- Formlegt viðbótarnám/framhaldsnám.
- Gagnkvæmar heimsóknir í aðrar menntastofnanir og samstarf við aðra skóla.
- Teymisvinna og rýnihópar.
- Umbóta- og þróunarvinna.

Ferli við gerð símenntunaráætlunar



Undirbúningur

Í undirbúningi felst sú vinna sem fram fer við þarfagreiningu vinnustaðar, ýmist á formi kannana, starfsmannasamtala og skráningarblaða vegna símenntunar.

Kynning

Stjórnendur vinna úr hugmyndum starfsfólks og kynna niðurstöður.

Áætlanagerð

Símenntunaráætlun sett saman út frá þörfum/væntingum starfsfólks, þörfum/stefnu skólans og fyrirliggjandi fjárhagsáætlun skólans.

Fræðsla

Starfsfólk sækir námskeið og fræðslu sem í boði er innan skóla sem utan og deilir þekkingu sinni með starfsmannahópnum. Stjórnendur minna starfsmenn á skráningu símenntunar.

Eftirfylgni / mat

Starfsfólk skilar skriflegu yfirliti vegna símenntunar ársins til stjórnenda, símenntun metin.

Mat og staðfesting á árangri

- **Við formlega fræðslu** er tímafjöldi kennslu í viðurvist leiðbeinanda eða kennara skráður. Undirbúningur á milli námskeiðsdaga er skráður hafi slíkt verið ákveðið fyrirfram.
- **Við óformlega fræðslu**, t.d. þátttaka í skipulögðum leshringjum eða þróunarverkefnum er skráður ákveðinn heildartímafjöldi.
- Skólastjóri veitir aðstoð við **útreikninga** ef starfsfólk er í vafa.
- **Skráning og staðfesting** eru á ábyrgð starfsfólks, að skrá og sýna fram á að símenntun sé lokið, en skólastjóra að staðfesta. Starfsfólk skal skrá símenntun á þar til gert eyðublað.
- **Matshæf símenntun** er símenntun sem var samþykkt af starfsmanni og stjórnanda.

Meginreglur

- Jafnræði. Reynt verður að dreifa tækifærum til símenntunar eftir þörfum og tilliti til þátttöku starfsfólks á fyrri árum.
- Sveigjanleiki. Gert er ráð fyrir að símenntunarþarfir starfsfólks séu í stöðugri endurnýjun og geti breyst m.a. eftir aðstæðum og verkefnum hverju sinni.
- Skólastjórnarteymi er ábyrgt fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlana skólans.
- Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. að greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og byggja upp og hlúa að eigin starfsproska.
- Símenntunaráætlun skólans skal vera aðgengileg og opinber. Hún skal einnig vera birt á vefsíðu skólans.
- Framhaldsnám í fjarnámi getur verið hluti símenntunaráætlunar. Starfsfólk gerir skólastjóra grein fyrir þeirri endurmenntun sem það hefur sinnt á ári hverju.
- Tími og magn til símenntunar innan skólans á hvern starfsmann ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni.
- Símenntun fer ýmist fram á vinnutíma eða utan hans. Slíkt er ákveðið af skólastjóra í samræmi við eðli, innihald og þarfir hverju sinni.

Áhersluatriði símenntunar Tónlistarskóla Eyjafjarðar

skólaárið 2020-2021

- Enn frekari innleiðing fjölbreyttra kennsluhátta á öllum starfsstöðvum skólans og starfsfólk kynni sér frekari leiðir til að koma til móts við mismunandi áhugasvið nemenda, séu opnir fyrir nýjum hugmyndum og reyni þær í starfi ásamt því að afla sér þekkingar á sviðum fjölbreyttra kennsluhátta.
- Skólanámskrá verði endurskoðuð með tilliti til fjölbreyttra kennsluhátta.
- Aukning á faglegri vitund starfsfólks og ígrundun og gagnrýnin samræða um nám og kennslu fari fram reglulega.
- Að starfsfólk fái tækifæri til að miðla af eigin þekkingu og reynslu innan hópsins. og markvisst leitast við að styrkja leiðtogaþæfni starfsfólks skólans og fela fjölbreyttum hópi ábyrgð til að leiða verkefni í teymisvinnu.
- Aukið samstarf við aðra tónlistarskóla á Norðurlandi og stoðir styrktar enn frekar í öllu samstarfi við grunn-, leik- og framhaldsskóla á starfssvæði Tónlistarskóla Eyjafjarðar.
- Markviss uppbygging samleikshópa, tónsköpunarvinnu og bóklegar kennslu fræðilegra greina á öllum námsstigum, kennsluáætlanir verði aðgengilegar nemendum og forráðamönnum.
- Að námsmat sé hagnýtt og skýrt fyrir kennara, nemendur og forráðamenn. Lögð áhersla á að beita fjölbreyttum aðferðum við námsmat og meta vinnu nemenda jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmat getur verið fólgið í símati eða prófi eða hvoru tveggja.
- Efling foreldrasamstarfs og þátttöku, upplýsingagjöf skóla til heimilanna bætt enn frekar.
- Skráning mætinga nemenda verði markvissari og nákvæmari. Mætingaskráningar verði sendar til forráðamanna í 1. viku hvers mánaðar á meðan á kennslu stendur á skólaárinu.
- Hver og einn kennari setji sér markmið í starfsþróun og vinni markvisst að þeim.
- Leitast við að innan símenntunaráætlunar rúmist einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.
- Stjórnendur séu virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar til starfsfólks.

